

# Skýrsla stjórnar Skólastjóráfélags Reykjavíkur

---

*2008 – 2010*

Yfirlit yfir starfssemi félagsins síðust tvö árin.

*12. nóvember 2010*

---



## Inngangur

Stjórn Skólastjórafélagsins skipuðu eftirtaldir frá 7. nóvember 2008 – 12. nóvember 2010:

- Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri Langholtsskóla, formaður.
- Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla, varaformaður.
- S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla, gjaldkeri.
- Berglind Arndal Ásmundsdóttir deildastjóri við Hólabrekkuskóla, ritari, (til 7. september 2009).
- Þorkell Daníel Jónsson aðstoðarskólastjóri Selásskóla, meðstjórnandi, ritari (frá september 2009)
- Júlíana Hauksdóttir deildarstjóri við Hamraskóla, meðstjórnandi, (frá 12. október 2009).

Berglind Ásmundsdóttir gekk úr stjórn félagsins vegna brottflutnings í byrjun skólaárs 2009. Júlíana Hauksdóttir var tilnefnd í hennar stað og var hún samþykkt í stjórn á félagsfundum þann 12. október.

Ný stjórn tók við á aðalfundi 7. nóvember 2008. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 19. nóvember 2008. Þá var fundað með fráfarandi stjórn og farið yfir helstu verkefni. Stjórnarfundir voru alls 19 á tímabilinu.

Stjórnin stóð fyrir 10 félagsfundum þar sem fjallað var um málefni líðandi stundar og fengnir gestafyrirlesarar. Nánari upplýsingar um fundina fylgja hér á eftir í kaflanum um fundi. Oftast nær tóku 40 – 50 félagsmenn þátt í fundunum. Einnig sá stjórnin um að útvega skemmtiatriði á jólafundum Menntasviðs.

Að öllu jöfnu fóru samskipti við félagsmenn fram í tölvupósti. Öðru hvoru hafði stjórn SR milligöngu um tilnefningu fulltrúa skólastjórnenda í ráð og nefndir á vegum Menntasviðs og annarra aðila. Viðbrögð félagsmanna voru oftast nær góð og þakkar stjórn þeim félagsmönnum sem gáfu kost á sér í slík störf. Stjórn SR ákvað að reyna að bæta upplýsingamiðlun til félagsmanna og útbjó sérstakan vef fyrir félagið þar sem nálgast má helstu upplýsingar sem varða starfsemi félagsins, s.s. fundagerðir, lög, skrá yfir félagsmenn o.fl. Slóðin að vefnum er <http://skolastjorar.menntasvid.is>

## Fundir

### Félagsfundir

Á félagsfundum voru ýmist málefni tekin fyrir sem stjórn þótti brýnt að fjallað yrði um á sameiginlegum vettvangi skólastjórnenda í Reykjavík og/eða fengnir voru gestafyrirlesarar. Á fundunum gafst einnig tækifæri fyrir skólastjórnendum að bera upp og ræða málefni líðandi stundar.

1. **félagsfundur:** Haldinn 5. febrúar 2009 í Langholtsskóla. Aðalefni fundarins var fyrirhugaður sparnaður í grunnskólum Reykjavíkur.
2. **félagsfundur:** Haldinn 20. febrúar 2009 á Hilton Hótel. Aðalefni fundarins var erindi Svöfu Grönfeldt frá Háskólanum í Reykjavík þar sem hún fjallaði um stjórnanda framtíðarinnar.

3. **félagsfundur:** Haldinn 27. mars 2009 í Turninum í Kópavogi. Aðalefni fundarins var erindi Sigurjóns Þórðarsonar frá Capacent um leiðtoga á erfiðum tímum.
4. **félagsfundur/vorfundur:** Haldinn 29. maí í Silfrinu á Hótel Borg. Gestur fundarins var Þórarinn Eldjárn og fjallaði hann um íslenskt mál.
5. **félagsfundur:** Haldinn 12. október 2009 í Laugarlækjarskóla. Aðalefni fundarins voru annars vegar hugmyndir félagsmanna um hlutverk félagsins og væntingar þeirra til þess og fjárhagsáætlun næsta árs og yfirvofandi niðurskurður.
6. **félagsfundur:** Haldinn 9. nóvember 2009 í Langholtsskóla. Aðalefni fundarins var staða deildarstjóra og hvernig hægt væri að efla tengsl þeirra við félagið. Gestafyrirlesari var Sigríður Anna Guðjónsdóttir og fjallaði um viðhorf skólastjóra og kennara til starfa deildarstjóra.
7. **félagsfundur:** Haldinn 13. nóvember 2009 í Laugalækjarskóla. Aðalefni fundarins var staða skólanna á tímum niðurskurðar og fjárhagsáætlun Reykjavíkur. Fulltrúi SR og fulltrúar stjórnarmálaflokkanna í borgarstjórn fluttu framsögu og umræður í framhaldi af því.
8. **félagsfundur:** Haldinn 5. febrúar 2010 á Nordica Hótel. Aðalefni fundarins var fyrirlestur Maríu Ellingsen um framkomu og forgangsroðun.
9. **félagsfundur/vorfundur:** Haldinn föstudaginn 16. apríl 2010 í aðalbyggingu Háskólans í Reykjavík og í Nauthól. Ýmis erindi voru flutt á fundinum af hálfu HR. John B. Vander Sande aðstoðarskólastjóri kynnti skólann, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir kynnti niðurstöður rannsókna um líðan ungs fólks, Þorlákur Karlsson flutti erindið Ort um aldarhvorf og Ásgeir Logi Kristjánsson fjallaði um árangur af forvarnarstarfi.
10. **félagsfundur:** Haldinn fimmtudaginn 23. september í Hagaskóla. Aðalefni fundarins voru drög að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla sem eru í umsagnaferli. Ólafur H. Jóhannsson og Sigurjón Mýrdal kynntu drögin.

Fundargerðir eða samantektir flestra fundanna má finna á vef félagsins.

### Stjórnarfundir

Stjórn SR fundaði 19 sinnum á tímabilinu. Of langt mál væri að gera grein fyrir umræðum stjórnarfunda hér. Látið nægja að vísa í fundargerðir á vef félagsins.

### Aðrir fundir

Fulltrúar SR í stjórn félagsins sóttu ýmsa fundi tengda starfi félagsmanna.

Formaður var áheyrnarfulltrúi skólastjóra á fundum menntaráðs. Á þessum fundum voru lagðar fram 7 bókanir, 3 fyrirspurnir og ein tillaga í nafni félagsins. Innihald þess sem fulltrúi félagsins lagði fram á fundum menntaráðs má finna á vef félagsins eða í fundargerðum menntaráðs.

Stjórn SR og stjórn KFR funduðu tvisvar, 26. janúar 2009 og 26. janúar 2010.

Formaður sat trúnaðarmannafund Skólastjórafélags Íslands 2009 og aftur 2010.

## Hlutverk félagsins og virkni félagsmanna

Núverandi stjórn hefur töluvert rætt hlutverk og stöðu félagsins. Um það bil 25 – 30% félagsmanna hafa mætt á félagsfundi sem gera 40 – 50 manns. Það hefur verið áberandi hversu dræm mæting deildarstjóra hefur verið.

Margt af því sem félaginu er ætlað að vinna að sky. annari grein laga félagsins er rætt og unnið á öðrum vettvangi. Skólamálaumræðan í Reykjavík er virkari á mánaðarlegum fundum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í borgarhlutum, í samráðshópi skólastjóra og fræðslustjóra og einnig á sameiginlegum fundum allra skólastjóra í Reykjavík með fræðslustjóra.

Kjaramálaumræðan er virkari á vettvangi Skólastjórafélags Íslands. Hvað varðar það hlutverk félagsins að vinna að aukinni menntun félagsmanna þá hefur endurmenntun fyrir stjórnendur verið skipulögð af Menntasviði og stundum í samstarfi í borgarhlutum auk þeirrar símenntunar sem stjórnendur sækja að eigin frumkvæði.

Með hliðsjón af ofangreindu telur stjórn félagsins mikilvægt að áfram verði skoðað hvernig efla má faglega umræðu innan félagsins og auka virkni félagsmanna. Á því tímabili sem þessi skýrsla nær yfir hefur stjórn SR hafið þessa vinnu. Á félagsfundi sem haldinn var þann 12. október 2009 var sérstaklega fjallað um hlutverk félagsins og væntingar félagsmanna til starfseminnar. Á þeim fundi komu ýmsar tillögur fram. Til dæmis að félagið;

- standi fyrir fræðslufundum með uppbyggjandi og fræðandi erindum
- efli samræðu um fagleg mál með málfundum og ráðstefnum
- reyni að auka virkni félagsmanna
- hugi að málefnum deildarstjóra, t.d. með því boða þá til sérstakra funda um stöðu þeirra og hlutverk
- félagið endurveki kjaranefnd og félagsnefnd
- styðji betur við skólastjóra sem eru að fást við erfið mál
- láti meira í sér heyra út á við.

Málefni deildarstjóra var töluvert rædd innan stjórnarinnar, bæði hvað varðar stöðu þeirra sem stjórnendur við grunnskóla borgarinnar og innan félagsins. Þeir hafa ekki mætt vel á félagsfundi og einnig hefur þeim fækkað síðastliðin tvö ár sem er væntanlega bein afleiðing af mikill skerðingu á fjármagni sem skólarnir fá til stjórnunarstarfa.

Boðað var til sérstaks fundar fyrir deildarstjóra þar sem Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri í Ísaksskóla, gerði grein fyrir meistararitgerð sinni frá 2006 um viðhorf skólastjórnenda og kennara til deildarstjóra. Einnig voru umræður um stöðu deildarstjóra og tengsl þeirra við félagið. Á fundinn mættu 26 deildarstjórar eða um 40% þeirra. Í umræðum komu eftirfarandi tillögur fram um hvernig væri mætti efla virkni deildarstjóra:

- Fundarefni félagsfunda þurfa stundum að vera deildarstjóramiðuð.
- Hvatning skólastjóra þarf að koma til.
- Fundartími þarf að vera eftir 14 á daginn og breytilegur.
- Vera með einhvers konar námskeið fyrir deildarstjóra.
- Póstlistar þurfa að vera í lagi.
- Það að allir skólastjórnendur hverfi úr skólunum til að fara á félagsfundi getur heft deildarstjóra í að koma á fundina.
- Breyta þarf nafni félagsins úr Skólastjórafélag Reykjavíkur í Félag skólastjórnenda í Reykjavík.
- Boðun á fundi þarf að koma beint til deildarstjóra en ekki í gegnum skólastjóra.
- Hafa deildarstjórafögnuð.

## Samstarf við Menntasvið

Samstarf við Menntasvið Reykjavíkur hefur verið með ágætum á tímabilinu. Stjórn SR telur mikilvægt að viðhalda þessu góða samstarfi en jafnframt þarf að tryggja sjálfstæði félagsins gagnvart Menntasviði. Skólastjórnendur í grunnskólum Reykjavíkur vinna að ýmsum málum í samstarfi við Menntasvið. Stjórn SR hefur gjarnan haft milligöngu um val á stjórnendum í ráð og nefndir sem Menntasvið stofnar til og ekki má gleyma aðkomu SR að jólafundi Menntasviðs þar sem félagið hefur séð um skemmtiatriði. Lista yfir starfandi nefndir má finna í viðauka með þessari skýrslu.

## Önnur verkefni

Umræða um fjármál skólanna hefur tekið töluverðan tíma stjórnar SR. Stjórnendum skólanna var gert að ná fram miklum sparnaði án þjónustuskerðingar eða uppsagna. Tveir félagsfundir voru haldnir um þetta málefni og sjö bókanir lagðar fram í menntaráði. Fyrri félagsfundurinn var haldinn til að vega og meta leiðir til hagræðingar. Á þann seinni voru oddvitar stjórnsmálaflokkanna boðaðir til að ræða fyrirhugaðan niðurskurð. Þótt mörgum félagsmanni SR þætti ekki mikið til fundarins koma má leiða að því líkum að hann hafi vakið meirihluta borgarstjórnar til meðvitundar um alvarleika niðurskurðar í skólamálum - og rekja megi ákvörðun borgaryfirvalda um að minnka niðurskurð úr 5.59% í 4,1% á árinu 2010 að einhverju leyti til umræðunnar á fundinum.

Nokkuð hefur verið rætt um ráðningarmál kennara – fastráðningar/lausráðningar. Skv. kjarasamningi kennara eiga þeir nú rétt á fastráðningu frá upphafi nema ráðið sé til skemmri tíma vegna t.d. afleysinga. Einnig var nokkuð rætt um nauðsyn þess að útbúa viðmiðunarlista yfir önnur störf kennara sem eru komnir á kennsluafslátt vegna aldurs. Þetta var rætt á fundi með stjórn KFR. Lítil viðbrögð urðu við fyrirspurn formanns til félagsmanna um hugmyndir um efni á slíkan viðmiðunarlista.

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1

#### **Starfshópar á kjörtímabili stjórnar 2008-2010**

Félagsmenn í Skólastjórafélagi Reykjavíkur hafa setið/sitja í ýmsum starfshópum og nefndum á starfstíma stjórnar. Um er að ræða ýmsa hópa á vegum SR, Menntasviðs Reykjavíkur og annarra aðila. Sumir þessara hópa hafa lokið störfum og skýrslur gefnar út.

#### **Endurskoðendur reikninga**

Vilborg Runólfsdóttir (til 12. nóv. 2010)

Björn Pétursson

#### **Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í menntaráði**

Hreiðar Sigtryggsson 1. nóvember 2008 – 1. ágúst 2010

S. Ingibjörg Jósefsdóttir 1. ágúst 2010 – 12. nóvember 2010.

#### **Samráð skólastjóra og Menntasviðs Reykjavíkur**

2008 - 2009

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla

Börkur Vígbórsson skólastjóri Grandaskóla

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

2009 - 2010

Björn M. Björgvinsson skólastjóri Laugalækjarskóla

Hildur Hafstað skólastjóri Vesturbæjarskóla

Inga Þórunn Halldórsdóttir skólastjóri Borgarskóla.

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

2010 – 2011

Björn M. Björgvinsson skólastjóri Laugalækjarskóla

Hildur Hafstað skólastjóri Vesturbæjarskóla

Inga Þórunn Halldórsdóttir skólastjóri Borgarskóla

Rannveig Andréddóttir skólastjóri Ártúnsskóla

#### **Börnin í borginni (2008 - )**

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

#### **Starfshópur um tillögur til hagræðingar í mótuneytum og samræmingu matseðla (2009-2010)**

Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

#### **Starfshópur um viðbrögð við óveðri (2008-2009)**

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri Foldaskóla

#### **Aðgerðir vegna PISA (2008 -2012)**

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

**Verkefnastjórn um tillögur starfshóps um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félagslegar-, tilfinningalegar-, og hegðunarraskanir(1.10.2008 – 1.5. 2009)**

Björk Jónsdóttir skólastjóri Brúarskóla.

**Öskudagsráðstefnan 2009**

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla

Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla

**Öskudagsráðstefnan 2010**

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla

Jón Páll Haraldsson skólastjóri Laugalækjarskóla

**Öskudagsráðstefnan 2011**

Árdís Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri Borgaskóla.

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla.

**Fulltrúi í úthlutunarnefnd styrkja á vegum menntaráðs Reykjavíkur**

Starfstími ótímabundinn.

Pórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

**Fulltrúi í úthlutunarnefnd íslenskuverðlauna menntaráðs (2007 -)**

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla

**Fulltrúi í undirbúningsnefnd vegna ráðstefnu á vegum ADHD (2009-2010)**

Kristrún Guðmundsdóttir skólastjóri Hlíðaskóla

**Starfshópur um fyrirkomulag námskeiða fyrir kennara (2010 - )**

Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

**Endurskoðun á stefnu fræðsluráðs um sérkennslu frá 2002 (Október 2010 – apríl 2011)**

Hildur Eggertsdóttir aðstoðarskólastjóri Öskjuhlíðarskóla.

Pórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla.

**Samráðshópur um skólaþjónustu Þjónustumiðstöðva (Ágúst 2010 – des. 2010)**

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla

**Starfshópur um endurskoðun á reiknilíkani Menntasviðs Reykjavíkurborgar (2009-2010)**

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagskóla

Svanhildur Ólafsdóttir skólastjóri Korpuskóla

Pórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

**Starfshópur á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytis til að ræða reynsluna af barnaverndarlögum 2002 (2010)**

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla

Reynir Daníel Gunnarsson skólastjóri Ölduselsskóla



**Starfshópur um inngríp vegna skaðlegrar hegðunar nemenda í sérskólum og sérdeildum (2009-)**

Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Safamýrarskóla.  
Yngvi Hagalínsson skólastjóri Hamraskóla  
Kristrún Guðmundsdóttir skólastjóri Hlíðarskóla  
Björk Jónsdóttir skólastjóri Brúarskóla  
Dagný Annasdóttir skólastjóri Öskjuhlíðarskóla

**Starfshópur um forvarnir og lífsleiknikennslu (2010 –)**

Freyja Friðbjarnardóttir deildarstjóri í Árbæjarskóla

**Starfshópur um verklagsreglur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla(2010-)**

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla  
Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla

**Starfshópur um námsmat – áætlaður starfstími 2009 – 2010**

Ágúst Ólason aðstoðarskólastjóri Norðlingaskóla

**Starfshópur um að stuðla að auknum námsáhuga drengja/nemenda í grunnskólum (2010 – )**

Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla  
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri Hamraskóla

**Starfshópur um mótun lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur (janúar 2010 – desember 2012)**

Sigþór Magnússon skólastjóri í Breiðholtsskóla.

**Samstarfshópur um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu í grunnskólum (2009 - )**

Yngvi Hagalínsson skólastjóri Hamraskóla

**Samstarfshópur um verklagsreglur Menntasviðs um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda (2007-)**

Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla.

**Starfshópur um skjalamál í grunnskólum Reykjavíkur (2010-)**

Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla  
Kristín Hjartardóttir skrifstofustjóri Öskjuhlíðarskóla.

**Starfshópur um mögulegar safnskóla fyrir unglíngastig í Grafarvogi (2008-2009)**

Jóhanna S. Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla.

**Samráðshópur ÍTR og Menntasviðs vegna frístundaheimila (2007 – 2009)**

Jóhanna S. Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla

**Starfshópur um viðmið póstsendinga úr mentor**

S. Ingibjörg Jósefsdóttir

## Fylgiskjal 2

### Ályktanir af síðasta aðalfundi 7. nóvember 2008

Aðalfundur Skólastjórafélags Reykjavíkur haldinn á Grand Hótel 7. nóvember 2008 lýsir ánægju sinni með stofnun samráðshópsins „Börnin í borginni“ vegna hins mikla efnahagsvanda sem nú steðjar að borgarbúum sem og öðrum landsmönnum.

Aðalfundur skólastjórafélags Reykjavíkur haldinn á Grand Hótel 7. nóvember 2008 lýsir þungum áhyggjum af fyrirsjáanlegum samdrætti í tekjum Reykjavíkurborgar. Mjög stór hluti útgjalda borgarinnar ár hvert fer til rekstrar grunnskólanna í borginni. Verkefni grunnskólanna lúta að lögvörðum rétti barna til menntunar og þeirri stefnu að veita börnum og unglingum í borginni bestu mögulegu menntun á hverjum tíma og því afar óhægt um vik við niðurskurð verkefna á vegum skólanna. Fundurinn telur mikilvæga þá yfirlýsingu borgarstjórnar að grunnþjónusta skólanna verði tryggð. Á tímum efnahagslegra þrenginga er mikilvægara en nokkru sinni að sjáfstæði skólanna sé tryggt og að leikreglur í samskiptum borgaryfirvalda og skóla séu skýrar og gagnsæjar. Skólastjórar í Reykjavík óska eindregið eftir að borgaryfirvöld hafi við þá náið samráð um hvaðeina er snertir starfsemi grunnskólanna á þeim tímum sem í hönd fara.

## Fylgiskjal 3

### Bókanir og fyrirspurnir í Menntaráði

#### Fyrirspurn á 91. fundi menntaráðs 28. janúar 2009

Á sama tíma og grunnskólum sem og öðrum borgarstofnunum er gert að skera niður í rekstri, nemendum í grunnskólum borgarinnar fækkar og frestað er stofnun nýs skóla í Úlfarsárdal, tekur borgarráð ákvörðun um framlag til stofnunar og reksturs nýs yngri barna skóla Hjallastefnunnar frá og með komandi hausti. Kemur til greina að fresta framlögum til skólans þar til betur árar í fjármálum borgarinnar?

#### Bókun á 92. fundi menntaráðs 11. febrúar 2009

Fulltrúi skólastjóra lýsir yfir ánægju með endurtekna yfirlýsingu borgarstjóra í bréfi til starfsmanna Reykjavíkurborgar, dagsettu 6. febrúar 2009, um að allar hagræðingaraðgerðir borgarinnar miði að því meginmarkmiði „að standa vörð um grunnþjónustuna, verðskrárnar og störfin“. Orð borgarstjóra hljóta að endurspeglar stefnu borgarinnar og takmarka þann niðurskurð sem rætt hefur verið um í rekstri grunnskólanna. Fulltrúi skólastjóra leggur áherslu á að ákvörðunum um fjármál grunnskólanna verði hraðað eins og kostur er. Mikilvægt er að ákvarðanir sem teknar eru af yfirstjórn borgarinnar varðandi grunnskólana séu tilkynntar með góðum fyrirvara svo nægur tími gefist til að vinna úr þeim og koma í veg fyrir óþægindi og óvissu fyrir þá starfsmenn sem í hlut eiga hverju sinni. Bréf mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar um uppsagnir á yfirvinnu almennra starfsmanna fyrir 1. febrúar síðastliðinn barst skólunum þann 27. janúar. Þá voru einungis þrír virkir dagar til að útskýra uppsagnirnar og ganga frá þeim. Fulltrúi skólastjóra undirstrikar mikilvægi samráðs yfirvalda og skólastjórnenda um leið og hann lýsir yfir ánægju með samstarfið við fræðslustjóra og starfsfólk hans á Menntasviði á þessum erfiðu tímum.

#### Fyrirspurn á 98. fundi menntaráðs 13. maí 2009

A. Í fjárhagsáætlun borgarinnar árið 2009 er gert ráð fyrir framkvæmdum við grunnskóla fyrir 1.480.000.000 kr.

1. Hafa þessar framkvæmdir verið boðnar út?
2. Ef ekki, hvað veldur þeirri seinkun?
3. Hefur þeim aðilum sem málið varðar, skólastjórum og skólaráðum verið tilkynnt um breytingar varðandi framkvæmdir við grunnskóla borgarinnar á þessu ári?

B. Í fjárhagsáætlun grunnskóla borgarinnar fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir launalækkun hjá skólastjórum og aðstoðarskólastjórum. Slíkt vekur furðu þar sem laun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru taxtalaun samkvæmt kjarasamningi. Mun menntaráð Reykjavíkurborgar leiðrétta úthlutun til grunnskólanna í samræmi við samningsbundin laun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra?

#### Bókun á 99. fundi menntaráðs 27. maí 2009

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á undirbúning næsta skólaárs. Afar erfitt er að vita ekki hvernig húsnæðismálum skólanna verður háttað og til hvaða ráðstafana þarf að grípa vegna framkvæmda. Nú er ljóst að ekki verður af endurbótum við ýmsa skóla sem gert var ráð fyrir samkvæmt fyrri áætlunum. Það er afar mikilvægt að haft sé reglulegt samráð við skólastjórnendur um breytingar á áætlunum vegna framkvæmda á skólahúsnæði sem hefur áhrif á skipulag alls skólastarfs.

Fulltrúi skólastjóra mótmælir hugmyndum í fjárhagsáætlun borgarinnar um að lækka laun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar eru á fastlaunasamningi og taka laun samkvæmt launaröðun í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Launanevndar sveitarfélaganna. Breytingar á kjarasamningi verða ekki gerðar nema með nýjum samningi milli viðkomandi aðila. Ekki verður séð að núverandi ástand í þjóðfélaginu minnki vinnuálag á skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í grunnskólum né dragi úr þeirri ómældu yfirvinnu sem skólastjórnendur inna nú af hendi innan ramma fastlaunasamnings. Á sama tíma er dregið úr viðbótarstjórnunarkvóta skólanna. Lækkun grunnskauna sem um leið eru hámarkskaun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru óraunhæfar og því er eðlileg krafa að fjáruhlutun til grunnskólanna verði leiðrétt í samræmi við raunkostnað vegna starfa skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

### **Bókun á 103. fundi menntaráðs 26. ágúst 2009**

Almennir grunnskólar Reykjavíkurborgar vinna innihaldsríkt og skapandi starf með nemendum sínum og eru fullfærir um að sinna skólagöngu allra barna í borginni án sérstakrar gjaldtöku. Á tímum niðurskurðar og fækkunar nemenda er því hvorki þörf né forsenda fyrir stofnun nýs grunnskóla í Reykjavík.

### **Bókun á 106. fundi menntaráðs 14. október 2009**

Almennur félagsfundur í Skólastjórafélagi Reykjavíkur sem haldinn var mánudaginn 12. október 2009 í Laugalækjarskóla, lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum niðurskurði í grunnskólum borgarinnar á næsta ári.

Vart verður gengið lengra í hagræðingu í rekstri grunnskólanna í Reykjavík eftir um 7% niðurskurð á þessu ári. Á því næsta er gert ráð fyrir 5,59% niðurskurði af úthlutun til grunnskólanna sem í raun er um 8% af því fjármagni sem skólarnir hafa til umræða þegar innri húsaleiga hefur verið tekin frá.

Ekki verður skorið meira niður í grunnskólum án þess að skerða þá þjónustu sem skólarnir veita lögum samkvæmt. Því er mikilvægt að stjórnámálmenn í Reykjavík tali hreint út og geri íbúum borgarinnar og starfsmönnum sínum ljóst að leiðarljós borgarstjórnar um að verja grunnþjónustu, verja störfín og halda verðskrá óbreyttum eigi ekki lengur við.

Mikilvægt er að hagsmunaaðilar um menntun grunnskólabarna í landinu, Samband íslenskra sveitarfélaga, stéttarfélög, menntamálaráðuneyti og samtök foreldra komi sér saman um raunhæfar leiðir til að verja menntun grunnskólabarna á Íslandi í því erfiða ástandi sem nú ríkir í fjármálum þjóðarinnar.

### **Tillaga á 108. fundi menntaráðs 11. nóvember 2009 og viðbrögð við henni**

#### **Áheyrnarfulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur lagði fram svohljóðandi tillögu:**

Fulltrúi skólastjóra leggur til að tveir fulltrúar, kennari og skólastjóri, taki sæti í starfshópi um námsmat í grunnskólum (sbr. samþykkt á fundi 101), til viðbótar við þá fulltrúa sem skipaðir hafa verið í hópinn.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lögðu til að tillögunni yrði vísað frá. Frávísunartillagan samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3.

#### **Viðbrögð við frávísuninni voru eftirfarandi:**

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks óskuðu bókað:*

Meirihluti menntaráðs lítur svo á að hópur um námsmat sé vel skipaður fagfólki og ítrekar að

náið samstarf verður m.a. haft við kennara, skólastjórnendur, nemendur og foreldra grunnskólabarna.

*Fulltrúi Vinstri grænna óskaði bókað:*

Fulltrúi Vinstri grænna telur að mikilvægt sé að raddir kennara og skólastjóra heyrast í starfi starfshóps um námsmat.

*Fulltrúar Samfylkingarinnar óskuðu bókað:*

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja tillögu fulltrúa Skólastjórafélags Reykjavíkur og undrast að meirihlutinn vísi henni frá. Það er full ástæða til að fulltrúar kennara og skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur sitji í starfshópi um námsmat með pólitískt skipuðum fulltrúum.

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks óskuðu bókað:*

Áhyggjur fulltrúa Skólastjórafélags Reykjavíkur, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna um aðkomu hagsmunaaðila eru óþarfar. Í hópnum er fólk með víðtæka reynslu 3 af kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi auk þess sem kallað verður eftir skoðunum fjölmargra hagsmunaaðila, m.a. nemenda, foreldra, kennara, skólastjóra og fræðimanna í menntamállum.

#### **Bókun á 110. fundi menntaráðs 23. nóvember 2009**

Borgin hefur lofað að standa eigi vörð um störfin og grunnþjónustu borgarinnar. Fulltrúar skólastjóra og kennara lýsa þungum áhyggjum af því að með niðurskurði til grunnskóla borgarinnar verði ekki hægt að standa við þessi markmið né grunnskólalög og aðalnámsskrá.

#### **Fyrirspurn á 126. fundi menntaráðs 25. ágúst 2010**

Hver er staðan á innritun inn á frístundaheimilin? Eru öll börn að fá pláss? Ef ekki, hve langur er biðlistinn og hvernig er áformað að leysa þennan vanda?

#### **Bókun á 129. fundi menntaráðs 22. september 2010**

Áheyrnarfulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur þakkar kærlega fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í heildarmat grunnskóla Reykjavíkurborgar. Skólar sem þegar hafa farið í gegnum heildarmat hafa haft af því mikið gagn. Umbótaáætlun sem unnin er í kjölfar heildarmats gefur stjórnendum og starfsmönnum skólanna tækifæri til að rýna vel starf sitt með það að leiðarljósi að bæta starfsemi hvers skóla.

Grunnskólar sem enn eiga eftir að fá þessa frábæru þjónustu frá Menntasviði bíða fullir eftirvæntingar.

#### **Bókun á 131. fundi menntaráðs 3. nóvember 2010**

Fulltrúi skólastjóra lýsir þungum áhyggjum af áframhaldandi niðurskurði á fjármagni til grunnskóla Reykjavíkur þriðja árið í röð. Á undanförunum tveimur árum hefur fjármagn til grunnskóla borgarinnar verið skorið niður um rúm 13% og nú er boðaður 3% niðurskurður til viðbótar.

Ekki verður séð hvernig þessum niðurskurði verði náð án þess að draga úr lögbundinni þjónustu skólanna við nemendur. Sé niðurskurður óumflýjanlegur í grunnskólum landsins verða menntayfirvöld, ríki og sveitarfélög, að koma sér saman um hvernig draga eigi úr starfi grunnskólans meðal annars með viðeigandi breytingum á lögum.

Á sama tíma er nauðsynlegt að leggja áherslu á áframhaldandi gæði skólastarfs og vellíðan starfsmanna og nemenda í grunnskólum borgarinnar.

## Lög Skólastjórafélags Reykjavíkur

### Nafn

#### 1. gr.

Félagið heitir Skólastjórafélag Reykjavíkur og er deild í Skólastjórafélagi Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### Hlutverk félagsins er

#### 2. gr.

- a) Að fara með málefni félagsmanna í Skólastjórafélagi Reykjavíkur.
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna.
- c) Að stuðla að umbótum í fræðslu- og uppeldismálum í Reykjavík.
- d) Að vinna að aukinni menntun félagsmanna.
- e) Að stuðla að kynningu milli félagsmanna og efla faglega umræðu meðal þeirra.
- f) Að efla skólastarf í Reykjavík í hvívetna og kynna það sem best.
- g) Að annast tengsl við sambærileg félög innanlands sem erlendis og stuðla að samskiptum við aðrar þjóðir.

### Aðild að félaginu eiga

#### 3. gr.

Aðild að félaginu eiga þeir félagar Skólastjórafélags Íslands sem starfandi eru í grunnskólum í Reykjavík.

### Aðalfundur

#### 4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda annað hvert ár í október. Til fundarins skal boðað með eins mánaðar fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagsmenn. Einum mánuði fyrir aðalfund auglýsir stjórn félagsins eftir framboðum til stjórnar. Tillögur skulu hafa borist stjórn, tveimur vikum fyrir aðalfund.

### Dagskrá aðalfundar

#### 5. gr.

- a) Fundarsetning og skipan fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Reikningar lagðir fram.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosningar:
  - Kosning skoðunarmanna reikninga.
  - Kosning formanns og varaformanns.
  - Kosning þriggja meðstjórnenda.
- f) Önnur mál.

## Kosningar

### 6. gr.

- a) Kjósa skal sérstaklega formann og varaformann. Auk þeirra skal kjósa þrjá meðstjórnendur sem skipta með sér verkum.
- b) Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
- c) Kjósa skal bundinni leynilegri kosningu, ef stungið er upp á fleirum en kjósa á. Að öðrum kosti teljast þeir sjálfkjörnir sem tilnefndir hafa verið.

## Stjórn

### 7. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Að frátöldum formanni og varaformanni skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórn heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir.

## Almennir félagsfundir

### 8. gr.

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur boðar til almennra félagsfunda. Skylt er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

## Um gjörðabækur

### 9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundi og undirritaðar af ritara og formanni. Fundargerðir stjórnar og nefnda skulu birtar félagsmönnum á aðgengilegan hátt t.d. með netpósti.

## Fjárreiður og bókhald

### 10. gr.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram reikninga undirritaða af skoðunarmönnum félagsins. Auk þess skal hann gefa stjórn yfirlit yfir stöðuna a.m.k. einu sinni á ári.

## Lagabreytingar

### 11. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þrem vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atvæða.

## Gildistaka

### 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Skólastjórafélags Reykjavíkur hefur samþykkt þau.

Lög þessi einróma samþykkt á aðalfundi Skólastjórafélags Reykjavíkur 6. október árið 2006